

Nr. 17-084 S 061 Sóla GK 36**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6807
Útgerð: Álmani ehf.
Smíðaður: Flugfiskur, trefjaplast, 1978
Stærð: 2,84 bt. 2,67 brl.
Mesta lengd: 7,09 m Skráð lengd: 6,57 m
Breidd: 2,12 m Dýpt: 1,01 m
Vél: Volvo Penta, 119 kw, 1996
Fjöldi skipverja: 1



Sóla©Vigfús Markússon

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 18. ágúst 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 13. júní 2017 var Sóla GK 36 á strandveiðum í Sandvík við Reykjanes. Veður: ASA 4 m/s.

Tilkynning barst til Vaktstöðvar siglinga um að báturinn væri vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Grindjáni GK 169 dró bátinn til hafnar í Grindarvík.

Við rannsókn kom fram:

- að reim fyrir vatnsdæluna slitnaði og vélin hætti að kæla sig;
- að varareim var til um borð en passaði ekki þegar átti að setja hana við. Í ljós kom að ekki hafði verið afgreitt rétt reim frá birgja;
- að á strandveiðivertíð árið áður hafði verið skipt um þessa reim fimm sinnum;
- að árið áður hafði verið settur keflablásari á vélina sem var reimdrifinn með annarri reim frá vatnsdælureimskífu sem olli miklum höggum á reimdrifið þegar blásarinn kom inn en það gerðist þegar vélin var komin á um 2.000 snúninga;
- að keflablásarinn var fjarlægður af vélinni.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.